



Krafturinn á vinnumarkaðnum virðist hafa náð hámarki

Merki um minnkandi spennu á vinnumarkaði

Vinnumarkaðurinn hefur verið mjög sterkur á síðustu misserum og ætla má að svo verði áfram. Ekki er þó lengur um að ræða aukningu á styrk og áframhaldandi bata. Nýjustu tölur Hagstofunnar benda til þess að toppi sé náð og ýmsar stærðir eru þegar farnar að gefa eftir. Það er alls ekki slæmt, eilítil merki um að spennan sé að minnka haldast í hendur við vísbendingar um að núverandi hagsveifla hafi náð hámarki.

Fjöldi starfandi eykst áfram




Fjölgun starfandi fólks á vinnumarkaði var nokkuð stöðug fram á mitt síðasta ár sé miðað við 12 mánaða meðaltal. Þá tók við tímabil með minni fjölgun starfsfólks. Miðað við síðustu tölur virðist ákveðin stöðnun hafa orðið upp á síðkastið. Þannig var fjöldi starfandi nú í mars 197.800 sem er fækkun um 1.500 frá því í mars í fyrra. Sé litið á 12 mánaða meðaltal hefur fjöldinn staðnað á síðustu tveimur mánuðum. Íbúafjöldi hefur aukist töluvert á síðasta ári og ber að skoða þessar tölur með hliðsjón af því.

Atvinnuþátttaka hefur minnkað töluvert

Atvinnuþátttaka jókst stöðugt frá upphafi ársins 2015 fram til vorsins 2017. Síðan þá hefur dregið úr atvinnuþátttöku um eitt og hálft prósentustig sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal og hefur hlutfallið lækkað töluvert síðustu tvo mánuði. Atvinnuþátttaka er eftir sem áður mikil hér á landi og er nú álíka og hún var um mitt ár 2015 og til muna hærrí en hún var á árinu 2012.

Vinnutími styttest

Meðalvinnutími hefur haldið áfram að styttest eilítið sé miðað við 12 mánaða meðaltal. Meðalfjöldi vinnustunda hefur verið tiltölulega stöðug stærð í langan tíma, tæplega 40 stundir á viku, og þróunin er frekar í áttina niður á við þó ekki sé um miklar breytingar að ræða. Samhliða fækkun vinnustunda





hefur dregið nokkuð úr sveiflum á vinnutíma milli einstakra mánaða innan ársins.

Vinnustundanoftkun minnkar

Þegar starfandi fólki fækkar samtímis því að meðalvinnutími styttest er afleiðingin sú að unnum vinnustundum í hagkerfinu fækkar. Þetta er ágætis vísbending um stöðu hagsveiflunnar. Það eru góð tíðindi fyrir hagstjórn að smám saman dragi úr spennu á vinnumarkaði.

Atvinnuleysi í lágmarki

Atvinnuleysi fór nokkuð stöðugt minnkandi fram á mitt síðasta ár, en síðan hefur dregið verulega úr breytingum. Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða miðað við mælingar Hagstofunnar var 2,8% í mars og hefur sú tala verið nær óbreytt í eitt ár. Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar um skráð atvinnuleysi var 2,1% nú í mars, en 2,3% í mars í fyrra. Þar sem Vinnumálastofnun mælir skráð atvinnuleysi, þ.e. þá sem eiga rétt til atvinnuleysisbóta, eru mun minni sveiflur milli mánaða í þeim tölum en í tölum Hagstofunnar.

Horfur áfram svipaðar


Niðurstöður vetrarkönnunar Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins bentu til þess að störfum myndi fjölga áfram á fyrri hluta þessa árs. Þau fyrirtæki sem vildu fjölga starfsfólki voru þannig um 15% fleiri en þau sem vildu fækka fólki sem var svipað hlutfall og var í samsvarandi könnun frá því sl. haust. Nýjustu tölur Hagstofunnar þurfa ekki að vera í andstöðu við þessar niðurstöður, enda er í báðum tilvikum um tiltölulega litlar breytingar að ræða. Það er hins vegar nokkuð ljóst að það hefur hægt á vinnumarkaðnum sem er í nokkuð góðu samræmi við meinta stöðu hagsveiflunnar.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Atvinna og vinnutími, ársfjórðungar



Atvinnuleysi skv. mælingum Hagstofu og Vinnumálastofnunar

